

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
179. fundur – 22. apríl 2013

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 22. apríl 2013. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gísli Gíslason boðaði forföll og í hans stað mætti Richard Hansen.

Fundargerð 178. fundar heilbrigðisnefndar frá 18. mars 2013 lögð fram.

1 Fundargerð 157. starfsmannafundar frá 17. apríl 2013

1.1 Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 Frjóakur 5, Garðabæ - sala og dreifing á matvælum

Lögð fram umsókn Maríu Builien Jónsdóttur, f.h. ICE Import ehf., kt. 660711-0310, Sifjarbrunni 1, 112 Reykjavík, dags. 17.04.2013, þar sem sótt er um leyfi vegna innflutnings á matvælum. Lögheimili verði að Frjóakri 5, Garðabæ en dreifing verður frá vöruhótel. Ný starfsemi Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvörum um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og staðfestingar á umráðum yfir húsnæði liggja fyrir.

1.1.2 Hegranes 7, Garðabær, sala og dreifing á matvælum

Lögð fram umsókn Sigurbjörns Adams Baldvinssonar, kt. 161185-3539, dags. 15.04.2013, þar sem sótt er um leyfi vegna innflutnings á matvælum. Lögheimili að Bjarkavöllum 5c, Hafnarfirði. Dreifing verður frá vöruhótel. Ný starfsemi. Umsækjandi hefur ekki skráð lögheimili á staðnum. Staðfestingu vantar um búsetu og umráð yfir húsnæði. Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvörum um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og staðfesting liggja fyrir á umráðum yfir húsnæði.

1.1.3 Kirkjulundur 17, Garðabær – sala varasamra efna

Lögð fram umsókn Steinþórs Ólafssonar f.h. Nitro Sport ehf., kt.541212-0940, dags.19.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til sölu varasamra efna að Kirkjulundi 17, Garðabæ. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi. Lögð fram efnalög sem samþykkt voru á Alþingi 26. mars 2013. Með lögnum voru feld úr gildi ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem skylduðu verslana með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni til að afla starfsleyfa. Samþykkt að endursenda umsókn í ljósi breyttra laga.

1.1.4 Strikið 3, Garðabær – hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Ingibjargar Valgeirsdóttur (Ísafold hjúkrunarheimili) f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags.8.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjúkrunarheimilis og þjónustumiðstöðvar að Strikinu 3, Garðabæ. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 árs.

1.1.5 Skólavegur, Garðabær – Álftanesskóli

Lögð fram umsókn Álftanesskóla f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags.12.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla við Skólaveg á Álftanesi, Garðabæ. Húshluti: allt húsið. Eigendaskipti og endurskoðun starfsleyfis Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 árs að lokinni úttekt.

1.1.6 Suðurhraun 2, Garðabær –hjólbardaverkstæði

Lögð fram umsókn Knúts Haukssonar, f.h. Klettur – sala og þjónusta ehf., kt.461009-0420, dags. 19.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjólbardaverkstæðis að Suðurhrauni 2, Garðabæ. Húshluti: 02 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar

Hafnarfjörður

1.1.7 Álhella 3, Hafnarfjörður - verkstæði

Lögð fram umsókn Gests Guðjónssonar f.h. Jarðborana hf., kt. 590286-1419, dags. 12.04.2013 þar sem sótt er um leyfi fyrir verkstæði fyrirtækisins að Álhelli 3, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 2 ára, meðan lokið er úrbótum samanber eftirlitsskýrslu og með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.8 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – bón- og þvottastöð

Lögð fram umsókn Hlyns Más Ólafssonar kt.130487-2549, f.h. Bónstöð Hafnarfjarðar, dags.25.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bón- og þvottastöðvar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Húshluti: bílageymsla í kjallara. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9 Furuás 17, Hafnarfjörður - daggæsla

Lögð fram umsókn Evu Dísar Björgvinsdóttur, kt. 060480-3709, dags. 20.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn, á einkaheimili að Furuási 17, Hafnarfirði. Parhús, neðri hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar

1.1.10 Hamrabyggð 8, Hafnarfjörður - orlofshús

Lögð fram umsókn Inga Guðna Guðmundssonar, kt. 280675-3699, dags.15.04.2013 þar sem sótt er um til reksturs orlofshúss að Hamrabyggð 8, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

Við afgreiðslu þessa liðar vék Guðmundur Sigurðsson af fundi við umfjöllun þessa liðar.

1.1.11 Hjallahraun 4, Hafnarfjörður, smurstöð

Lögð fram umsókn Gunnars S. Gunnarssonar, f.h. Sólning Kópavogi ehf., kt.700169-0149, dags. 3.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurstöðvar og hjólbardaverkstæðis að Hjallahrauni 4, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.12 Hjallahraun 9, Hafnarfjörður, vörugeymsla með matvöru

Lögð fram umsókn Sveins Orra Sveinssonar, f.h. Matarinnkaupa ehf., kt.530213-0560, dags.15.03.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir vörugeymslu vefverslunar með matvæli að Hjallahrauni 9, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.13 Holtsgata 12, Hafnarfjörður, vörugeymsla með matvöru

Lögð fram umsókn Gunnlaugs, Agnars Guðmundssonar f.h. Tehúsins ehf., kt. 560412-1180, dags.22.04.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir vörugeymslu vefverslunar með matvæli að Holtsgötu 12, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.14 Melabraut 17, Hafnarfjörður – fiskvinnslu

Lögð fram umsókn Friðbjörns H. Kristjánssonar f.h. Sæsteinn ehf., kt. 690304-3090, dags. 15.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Melabraut 17, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.15 Norðurhella 8, Hafnarfjörður, vörugeymsla með matvöru

Lögð fram umsókn Sigurðar Inga Eiríkssonar, f.h. Fructus ehf., kt. 431012-1540, dags. 7.04.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir vörugeymslu með matvæli að Norðurhelli 8, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.16 Rauðhella 11, Hafnarfjörður, smurstöð

Lögð fram umsókn Gunnars S. Gunnarssonar, f.h. Sólning Kópavogi ehf., kt.700169-0149, dags. 3.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurstöðvar, bíla- og hjólbarðaverkstæði að Rauðhelli 11, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101 allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.17 Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður - hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Lilju Bragadóttur, kt.170151-2759, dags. 2.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði. Endurútgáfa.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis til 26.3.2018 samþykkt.

1.1.18 Stapahraun 7, Hafnarfjörður - verkstæði

Lögð fram umsókn Eiðs E. Baldvinssonar f.h. Fjórhjólalagerinn ehf., kt. 450612-0220, dags.15.04.2013 þar sem sótt er um leyfi fyrir verkstæði að Stapahrauni 7, Hafnarfirði.

Húshluti: 02 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.19 Strandgata 50 íþróttahús, Hafnarfjörður - gisting fyrir 60-80 manns í vikutíma.

Lögð fram umsókn Hafnafjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 8.04.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir gistaðstöðu fyrir 60-80 manns frá 10. – 20. júní 2013 að Strandgötu 50, Hafnarfirði.

Húshluti: íþróttasalur og búningsherbergi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er mælt með leyfi til gistingar frá 10.06.2013 til 20.06.2013 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

1.1.20 Bakkabraut 6, Kópavogur - fiskbúð

Lögð fram umsókn Eyþórs Þórarinssonar f.h. Bjargar ehf., kt. 460645-0189, dags. 2.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Bakkabraut 6, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.21 Búðarkór 1, Kópavogur - kaffihús

Lögð fram umsókn Vilhjálms Þorlákssonar, f.h. Gæðabaksturs ehf., kt. 550595-2499, dags. 5.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með brauð, kökur og skildar vörur að Búðarkór 1, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.22 Bæjarlind 6, Kópavogur - hárgreiðslu- og snyrtistofa

Lögð fram umsókn Báru Skæringsdóttur f.h. Hár og dekur ehf., kt. 490712-0970 dags. 11.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til rekstur hárgreiðslu- og snyrtistofu að Bæjarlind 6, Kópavogi. Húshluti: 202. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.23 Bæjarlind 18, Kópavogur - bílaþvottastöð

Lögð fram umsókn Guðmundar I. Haukssonar f.h. Löðurs ehf., kt. 580912-0280 dags. 8.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til rekstur sjálfsafgreiðsluþvottastöðvar að Bæjarlind 18, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.24 Dalvegur 10-14, Kópavogur - sala varasamra efna

Lögð fram umsókn Þorsteins Jónssonar, f.h. Handverkshússins ehf., kt. 630306-0190, dags. 20.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með sölu á vörum sem innihalda varasöm efni að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.
Lögð fram efnalög sem samþykkt voru á Alþingi 26. mars 2013. Með lögnum voru feld úr gildi ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem skyldu verslanir með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni til að afla starfsleyfa.
Samþykkt að endursenda umsókn í ljósi breyttra laga.

1.1.25 Dalvegur 24, Kópavogur - bónstöð

Lögð fram umsókn Darius Jachím, f.h. Auto Spa bónstöð ehf., kt. 700710-0760, dags. 8.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar og verkstæðis að Dalvegi 24, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.26 Fannborg 8, Kópavogur - fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Sigrúnar Ernu Þorgeirsdóttur, kt. 200876-5049, dags. 16.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Fannborg 8, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.27 Hafnarbraut 12, Vesturvör 25 og 27, Kópavogur – niðurrif mannvirkja

Lögð fram umsókn Þórkötu Ragnardóttur, f.h. Brotafis ehf., kt. 490108-2030, dags. 18.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs mannvirkja á lóðunum Hafnarbraut 12, Vesturvör 25 og Vesturvör 27 Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

1.1.28 Hagasmári 9, Kópavogur - bílaþvottastöð

Lögð fram umsókn Guðmundar I. Haukssonar f.h. Bílaþvottastöðvarinnar Löðurs ehf., kt. 580912-0280 dags. 8.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til rekstur sjálfsafgreiðsluþvottastöðvar að Hagasmára 9, Kópavogi. Húshluti: 02 0101. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.29 Hjallabrekka 2e, Kópavogur - smurbrauðsgerð

Lögð fram umsókn Ragnheiðar Brynjólfsdóttur f.h. Brauðsneiðin ehf., kt. 540706-1150, dags.15.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurbrauðsgerðar að Hjallabrekku 2e, Kópavogi. Húshluti: 01 0201. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.30 Melaheiði 17, prentsmiðja

Lögð fram umsókn Rafnars K. Karlssonar f.h. Rúnir slf., kt. 620110-0350, dags. 25.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Melaheiði 17, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.31 Nýbýlavegur 18, Kópavogur – rakarastofa

Lögð fram umsókn Jörgens Árna Albertssonar, f.h. Klippistofu Jörgens ehf., kt.580705-0810, dags. 17.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rakarastofu að Nýbýlavegi 18, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára og að lokinni úttekt.

1.1.32 Smáratorg 1, Kópavogi - skyndibitastaður

Lögð fram umsókn Bee Boh Ding, fh. Ding Deli ehf., kt. 490413-2350, dags. 16.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Smáratorgi 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt.

1.1.33 Smiðjuvegur 1, Kópavogur - samkomusalur

Lögð fram umsókn Axels Eyjólfssonar f.h. Hegas ehf., kt. 680388-1809 dags. 21.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar að Smiðjuvegi 1, Kópavogi.

Húshluti: 2.hæð austurendi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.34 Smiðjuvegur 4e, Kópavogur - málmsmiðja

Lögð fram umsókn Guðmundar Guðlaugssonar f.h. Esjugrund ehf., kt. 450907-0810 dags. 16.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Smiðjuvegi 4e, Kópavogi.

Húshluti: 01.0102. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.35 Smiðjuvegur 16, Kópavogur - bílamálun og réttingar

Lögð fram umsókn Theodórs Pálssonar f.h. Sprautun ehf., kt. 510310-0120 dags. 5.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs réttinga og sprautuverkstæðis að Smiðjuvegi 16, Kópavogi.

Húshluti: 01 0201. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.2 *Umsagnir*

Garðabær

1.2.1 Fálkastígur 4, Garðabær - gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 5.04.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Elsu Bjartmarsdóttur, kt. 131050-2409, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Fálkastíg 4, Garðabæ.

Lagður fram tölvupóstur Elsu Bjartmarsdóttur dags. 12.04.2013, þar sem hún kveðst hætt við að fá endurnýjað leyfi.

„Erindið endursent án umsagnar.“

1.3 *Kirkjulundur, Garðabær – safnaðarheimili, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 18. apríl 2013 þar sem óskað er umsagnar á umsókn menningar og safnanefndar Garðabæjar um leyfi vegna tónleikahalds í Kirkjuholi, safnaðarheimil Vídalínskirkju í Garðabæ, 25. apríl n.k. milli kl. 20 og 22:30.

„ Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn”

1.4 *Skólabraut 6, Garðabær – samkomusalur, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 18. apríl 2013 þar sem óskað er umsagnar á umsókn menningar og safnanefndar Garðabæjar um leyfi vegna tónleikahalds í Urðarbrunni, sal Fjölbautarskólans í Garðabæ, 26. apríl n.k. milli kl. 20 og 22:30.

„ Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn”

1.5 *Höfðabraut, Garðabær, - vallahús, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 18. apríl 2013 þar sem óskað er umsagnar á umsókn menningar og safnanefndar Garðabæjar um leyfi vegna tónleikahalds í Haukhúsi í Garðabæ, 27. apríl n.k. milli kl. 20 og 22:30.

„ Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn”

1.6 *Urriðavatnsdalir, Garðabær – veitingastaður, rekstrarleyfi.*

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 22. apríl 2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nikuláasar Kr. Jónssonar fyrir veitingastað í flokki II í Golfskála Golfklúbbsins Odds í Urriðavatnsdölum, Garðabæ.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 28.06.2010 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu”.

Hafnarfjörður

1.6.1 *Fálkakraun 6, Hafnarfjörður - gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 25.03.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Margrétar Vigfúsdóttur, kt.150665-3619, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Fálkakrauni 6, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„ Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.“

1.6.2 *Hamrabyggð 8, Hafnarfjörður - gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 16.04.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Inga Guðna Guðmundssonar, kt. 280675-3699, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Hamrabyggð 8, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 22.04.2013 starfsleyfi til reksturs gististaðar skv. hollustuháttarreglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir orlofshús”.

Við afgreiðslu þessa liðar vék Guðmundur Sigursson af fundi

Kópavogur

1.6.3 *Boðarþing 4, Kópavogur - gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 27.03.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ólafíu Hansdóttur, kt. 060748-2099, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II að Boðarþingi 4, Kópavogi.

Lagður fram tölvupóstur dags. 10.04.2013 þar sem umsækjandi tilkynnir að hætt hafi verið við umsóknina.

„Erindið endursent án umsagnar“.

1.6.4 Kársnesbraut 137, Kópavogur - gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 27.03.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurkarls Rúnarssonar, kt.080779-4299, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I að Kársnesbraut 137, Kópavogi.

Lagður fram tölvupóstur sýslumannsins í Kópavogi dags. 12.04.2013 um afturköllun erindisins.

1.6.5 Skálaheiði 2, Kópavogur, HK, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 20.03.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélags Kópavogs, kt. 630981-0269, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir lokahóf, sem haldin verður í íþróttahúsi HK Digranesi, Kópavogi, þann 30.04.2013 frá kl. 19.00 – 03.00 fyrir 1200 manns.

„Jákvæð umsögn staðfest“.

1.6.6 Smáratorg 1, Kópavogur - veitingastofa og greiðasala, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 12.04.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ding Deli ehf, kt. 490413-2350, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki I að Smáratorgi 1, Kópavogi.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 22.04.2013 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. hollustuháttarreglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verður að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu og greiðasölu“.

1.7 **Tóbaksleyfi**

1.7.1 Ásgarði – verslun

Lögð fram umsókn FoodCo ehf., kt. 660302-2630, dags. 3.04.2013, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu í versluninni við Ásgarð í Garðabæ. Leyfisveiting staðfest.

1.7.2 Engihjalli 8, Kópavogur – verslun

Lögð fram umsókn Ísland Verslun hf., kt. 410612-0540, dags. 11.03.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í versluninni að Engihjalla 8, Kópavogi. Leyfisveiting staðfest.

1.7.3 Hamraborg 20, Kópavogur – verslun

Lögð fram umsókn Video-markaðarins ehf., kt. 711297-4059, dags. 9.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í versluninni að Hamraborg 20, Kópavogi. Mælt með leyfisveitingu frá 23.07.2013.

1.7.4 Reykjavíkurvegur 50, Hafnarfjörður – verslun

Lögð fram umsókn Kaupás ehf., kt.711298-2239, dags. 23.03.2013, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu í versluninni að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði. Leyfisveiting staðfest.

1.7.5 Smáratorgi 3, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn BS Turn ehf., kt. 620207-1360, dags. 17.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í veitingastað að Smáratorgi 3, Kópavogi. Mælt með leyfisveitingu að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.8 Annað

1.8.1 Staðfesting á úrbótum

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar frá 2. apríl 2013 þar sem staðfest er að Kratus ehf. Steinhellu 5, Hafnarfirði, hafi bætt úr fráviki sem fram kom við reglubundið eftirlit ársins 2012.

1.8.2 Skil á útstreymisbókhalda

Lögð fram afrit af bréfum Umhverfisstofnunar frá 14. mars 2013 og 21. mars 2013 til Hvals hf.. um áform um áminningu og að máli væri lokið .

1.8.3 Skil á útstreymisbókhalda

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 14. mars 2013 til Vélsmiðju Orms og Víglundar sf . um áformaða áminningu og afrit af erindi Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. til Umhverfisstofnunar frá 22. mars 2013 þar sem fram kemur að fyrirtækið áttar sig ekki á um hvað málið snýst.

2 Skipulagsmál

2.1 Endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024

Lagt fram að nýju erindi skipulagsstjóra Kópavogsbæjar frá 14. mars 2013 um endurskoðun aðalskipulags Kópavogs 2012-2024.

<http://www.kopavogur.is/thjonusta/umhverfi-og-skipulag/skipulagsmal/endurskodun-adalskipulags-og-stadardagskrar-21/>

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd leggur til að í kafla um umhverfispætti sem lagðir verða til grundvallar við umhverfismati áætlunar verði tekin inn viðmið vegna vatnafars, lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

2.2 Breyting í Heiðmörk. Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Garðabæjar frá 21. mars 2013 þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 sem nær til skógræktarsvæðis í Sandahlíð og til Heiðmerkur innan Garðabæjar.

<http://www.gardabaer.is/forsida/skipulagsmal/skipulagsmal/2013/03/26/Adalskipulag-Gardabaejar-2004-2016-Heidmork-og-Sandahlid/>

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd leggur til við skipulagsnefnd að vestan og norðan Vífilsstaðavatns verði afmörkun svæðisins breytt. Við það að færa afmörkun svæðisins fjær vatnsbakkanum fæst heildstætt og markvissara skipulag fyrir útivist. Um leið fellur skipulagsvinnan að lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en stöðumatsskýrsla samkvæmt þeim lögum skal liggja fyrir í byrjun árs 2014.“

3 Sala á tóbaki

3.1 Ábyrgð á tóbakssölu í verslunum

Lagt fram erindi Samtaka verslunar og þjónustu frá 3. apríl 2013 varðandi sölu á tóbaki.

Í erindi SVÞ er heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis gagnrýnd harðlega fyrir meinta notkun „tálbeitna“ við tóbaksvarnareftirlit og „alvarlegum athugasemdum“ komið á framfæri vegna meintra vinnubragða nefndarinnar.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi samþykkt:

„Fullyrðingar Samtaka verslunar og þjónustu þess efnis að heilbrigðisnefndin noti svonefndar tálbeitur við tóbaksvarnareftirlit, eru beinlínis rangar. Af bréfi samtakanna má það helst ráða að heimildir þeirra fyrir því að nefndin viðhafi slík vinnubrögð, hvíli á fullyrðingum sem hafðar voru uppi á málfundi í Háskólanum í Reykjavík. Ekki er unnt að ráða það af bréfi samtakanna að þau byggji vitneskju sína á öðrum áreiðanlegri heimildum. Í niðurlagi bréfsins hvetja samtökin heilbrigðisnefndina til að taka framkvæmd þessara mála tafarlaust til endurskoðunar.“

Heilbrigðisnefndinni er ekki ljóst hvers vegna samtökin gera svo alvarlegar athugasemdir við starfsemi nefndarinnar sem raun ber vitni, án þess að kanna það fyrst hvort þær athugasemdir eigi rétt á sér eður ei. Hins vegar er ljóst að fullyrðingar SVÞ um ólögmetna framkvæmd nefndarinnar við tóbaksvarnareftirlit eru í besta falli byggðar á misskilningi.“

3.2 Eftirlit með tóbakssölu.

Rætt stöðumat vegna smásölu tóbaks í verslunum og veitingastöðum. Farið var í reglubundið eftirlit vegna sölu tóbaks hjá smásölum, dagana 25. mars til 18. apríl 2013. Að þessu sinni var farið á 50 skráða sölustaði, en 1 staður selur ekki tóbak þrátt fyrir að hafa gilt leyfi til smásölu.

Tíðasta frávik frá lögum um tóbaksvarnir var skortur á merkingum er varða aldurstakmarkanir kaupenda tóbaks. Merkingar voru ekki til staðar í 16% tilfella. Fram komu sjónarmið um að með merkingum um aldurstakmarkanir til tóbakskaupa sé vakin óþarfa athygli á sölu tóbaks á viðkomandi stað

Í tóbaksvarnarlögum er kveðið á um að tóbak og reykfæri skulu ekki vera sýnileg á útsölustöðum. Frávik voru fá og var tóbak eða reykfæri sýnilegt í 10% tilfella. Veggfestir tóbakssölskápá sem opna á og loka við hverja sölu eru nokkuð algengir. Óbeinar auglýsingar og áreiti felst í því fyrirkomulagi fyrir viðskiptavinum.

Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Í engum tilfellum var staðfest brot á því ákvæði. Ástæða er til að vekja athygli á að 15 sölustaðir af þeim 49 sem farið var á við eftirlit létu starfsfólk undir 18 ára vinna á afgreiðslustöðvum þar sem tóbak var afgreitt. Í öllum tilfellum var því borið við að aðili eldri en 18 ára væri ávallt til staðar í versluninni. Væri hann kallaður til ef afgreiða þyrfti tóbak. Þessi framkvæmd er tvímælalaust brot á ákvæðum tóbaksvarnalaga. Óheimilt er að afhenda einstaklingum yngri en 18 ára tóbak, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. tóbaksvarnalaga. Örökrétt er að líta svo á að fela megj sömu einstaklingum sölustörf þar sem þeir hafa beinan aðgang að tóbaki og hafa þannig tóbak undir höndum í skilningi ákvæðisins. Gildir einu þótt kveðið væri á um það í starfslýsingu þeirra einstaklinga að kalla bæri til eldri einstakling til að annast sjálfa sölu tóbaksins. Aðgangur hinna yngri einstaklinga að tóbaki væri alveg jafn óheftur, enda þótt gripið væri til slíkra ráðstafana.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að kynna niðurstöður þessar Velferðarráðuneytinu m.t.t. vinnu við endurskoðun á tóbaksvarnalögum.

4 Niðurrif bifreiða

Rædd drög að skýrslu um úrvinnslu ökutækja. Á tveggja ára fresti ber heilbrigðisnefnd að skila Umhverfisstofnun skýrslu um úrvinnslu ökutækja í umdæminu.

Á árinu 2012 voru skráðar 10 partasölur og allar í Hafnarfirði. Gögn fengust frá átta þeirra eftir að gengið hafði verið eftir þeim. Starfsemi þeirrar níundu var sannanlega mjög lítil á árinu. Eldsvoði kom upp í þeirri tíundu og er engra gagna að vænta. Ætla verður að töluverð svört atvinnustarfsemi eigi sér einnig stað. Benda auglýsingar í dagblöðum og á netinu til þess. Varlega má áætla að svartar markaðurinn svipaðan þeim opinbera. Mikla fyrirvara verður því að gera við mat á upplýsingum sem fást við þessar aðstæður.

Í ljósi mikillar vinnu við að afla ómarkvissra upplýsinga ítrekar heilbrigðisnefnd tilmæli sín við Umhverfissráðuneytið að reglugerð nr. 303/2008 verði felld úr gildi eða a.m.k. endurskoðuð.

5 Geymsla og flutningur hættulegra efna

5.1 Sýruslys að undanfögnu

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins til Umhverfissráðuneytis frá 18. febrúar 2013 sem sent var í framhaldi af fréttum um að sýra hefði lekið niður úr mörg þúsund lítra tanki.

5.2 Samstarfsfundur með Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Samstarfsfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðiseftirlits var haldinn þann 16. apríl 2013. Til umræðu var innflutningur, geymsla og dreifing af ýmsum hættulegum efnum sem við óvarkárni geta valdið slysum á fólki og lífríki. Með samstarfi þessara aðila á höfuðborgarsvæðinu er unnið að því að auka öryggi samfélagsins. Í ljósi nýrra efnalaga sem samþykkt voru á Alþingi 26. mars 2013 var öll aðkoma heilbrigðisnefnda verulega skert.

6 Stjórnsýslukæra vegna innköllunar á vörunni Kickup

6.1 Ósk um umsögn vegna stjórnsýslukæru

Lagt fram erindi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá 18. apríl 2013 þar sem óskað er umsagnar og gagna vegna kæru á ákvörðun um innköllun vörunnar Kickup sbr. bréf heilbrigðiseftirlitsins frá 11. apríl 2013.

6.2 Ósk um umsögn vegna beiðni um frestun réttaráhrifa meðan kæra er til meðferðar

Lagt fram tölvubréf Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis frá 18. apríl 2013 þar sem óskað er umsagnar vegna kröfu um að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar um innköllunar vörunnar Kickup verði frestað þar til ráðuneytið hefur kveðið upp úrskurð um stjórnsýslukæruna.

7 Önnur mál

7.1 Reglulegir fundir heilbrigðisnefndar

Reglulegir fundir heilbrigðisnefndar verða 27. maí og 24. júní n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Margrét Halldórsdóttir

Richard Hansen

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson